

LÖG

um breytingu á lögum um viðspyrnustyrki, nr. 160/2020 (framhald viðspyrnustyrkja).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „1. október 2020“ í 1. gr. laganna kemur: 1. desember 2021.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „nóvember 2021“ í inngangsmálslið kemur: mars 2022.
- b. Við 2. másl. 1. tölul. bætist: eða til loka nóvember 2021 vegna umsókna fyrir tímabilið desember 2021 til og með mars 2022.
- c. Á eftir orðinu „tekjufallsstyrkur“ í 5. másl. 1. tölul. kemur: eða styrkur til rekstraraðila veitingastaða sem hafa sætt takmörkunum á opnunartíma.
- d. Í stað orðanna „október 2020“ í 2. másl. 2. tölul. kemur: nóvember 2021.
- e. Á eftir orðunum „fyrir lok árs 2019“ í 1. másl. 3. tölul. kemur: og 1. ágúst 2021 vegna umsókna fyrir tímabilið frá 1. desember 2021 til 31. mars 2022.
- f. 4. tölul. orðast svo: Þú hans hefur ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta. Jafnframt skal hann ekki hafa verið tekinn til slita, nema ef slitin eru liður í samruna, skiptingu eða breytingu á rekstrarformi rekstraraðilans, og fyrirhugað er að lögaðili sem við tekur haldi rekstri sem umsókn varðar áfram.

3. gr.

Á eftir orðinu „kórónuveiru“ í 6. mgr. 5. gr. laganna kemur: eða styrkur samkvæmt lögum um styrki til rekstraraðila veitingastaða sem hafa sætt takmörkunum á opnunartíma.

4. gr.

2. másl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Umsókn um viðspyrnustyrk vegna tímabilsins ágúst 2021 til mars 2022 skal skilað eigi síðar en 30. júní 2022.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „260 millj. kr.“ kemur: 330 millj. kr.
- b. Í stað orðanna „og tekjufallsstyrkjum samkvæmt lögum um tekjufallsstyrki“ kemur: tekjufallsstyrkjum samkvæmt lögum um tekjufallsstyrki og styrkjum samkvæmt lögum um styrki til rekstraraðila veitingastaða sem hafa sætt takmörkunum á opnunartíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 1. mars 2022.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.